

## **Auglýsing um tollkvóta vegna innflutnings á ostum frá Noregi.**

Með vísan til 65. gr. B búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum og til reglugerðar um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum frá Noregi nr. 1166/2024, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir eftirfarandi innflutning á smurostum frá Noregi og með upprunavottorð þaðan fyrir tímabilið 1. janúar – 31. desember 2025.

Úr tollskrárnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0406.3000	Smurostur	01.01.-31.12.25	13.000	0	0

Berist umsóknir um meira magn um innflutning en auglýstum tollkvóta nemur, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

**Umsóknar- og tilboðsferli vegna úthlutunar tollkvótans fer fram með rafrænum hætti á vefkerfinu [tollkvoti.is](http://tollkvoti.is). Nýskráning notenda í vefkerfið fer fram hjá matvælaráðuneytinu. Ef óskað er eftir nýskráningu notenda skal hafa samband við skrifstofu landbúnaðar í síma 545-9700 eða á eða á [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is).**

Opnað verður fyrir umsóknir á [tollkvoti.is](http://tollkvoti.is); fimmtudaginn 7. nóvember 2024 og skulu umsóknir berast **fyrir kl. 23.59, mánudaginn 18. nóvember 2024.**

*Matvælaráðuneytinu,  
7. nóvember 2024.*